

Hafnarfirði, 24. september 2021

Efni: Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins

Fjölskyldu- og barnamálasviði hefur borist fyrirspurn frá Sigurði Þ. Ragnarssyni, fulltrúa miðflokksins varðandi biðlista sveitarfélagsins um félagslegt leiguhúsnæði og úthlutunarreglur um félagslegt húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

1. Hvernig eru úthlutunarreglur sem fjölskyldu- og barnamálasvið notar við röðun fólks á biðlista eftir félagslegu húsnæði?

Sjá fylgiskjal.

2. Hvaða reglur gilda til að fólk fari í forgangshóp?

Við mat á umsóknum er farið eftir ákveðnu matskerfi og hverjum umsækjanda um leiguíbúð reiknuð stig á 10 stiga kvarða. Umsækjandi með 6 stig eða fleiri er skráður á biðlista. Umsækjandi með færri stig uppfyllir ekki skilyrði til að vera á biðlista og er tilkynnt um það skriflega.

Við forgangsröðun skal hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

- *Tekjur umsækjanda*
- *Húsnæðisaðstæður*
- *Félagslegar aðstæður*

3. Hvernig er haldið utan um biðlistana, eru umsækjendur reglulega upplýstir um hvar þeir er á listanum?

Haldið er utan um biðlistann í S5 húsnæðiskerfinu. Endurmat er gert árlega, þar eru umsækjendur svo upplýstir með bréfi hvort þeir uppfylli ekki skilyrði til að vera á biðlistanum. Áhersla hefur verið lögð á að umsækjendur séu í samskiptum við sinn ráðgjafa ef aðstæður breytast.

Þegar íbúð er laus til úthlutunar er það ákvörðun hvers teymis innan fjölskyldu- og barnamálasviðs að meta hvaða umsókn er metin í brýnustu þörfinni fyrir húsnæðinu. Það er því á ábyrgð ráðgjafanna í hverju teymi fyrir sig að meta hvaða einstaklingur/fjölskylda er í mestri þörf og kemur ein tillaga frá hverju teymi (þ.e. ráðgjafateymi, barnaverndarteymi, stuðnings- og stoðþjónustuteymi). Á úthlutunarfundi húsnæðisteymis eru tillögurnar frá teyminum metnar og sú tillaga sem er metin í mestri þörf fær úthlutun í samræmi við stærð íbúðar og fjölskyldustærð.

4. Hve margar úthlutanir hafa verið á félagslegu húsnæði síðan 2014? Óskað er eftir að skipta fjöldanum niður á hvert ár frá þessum tíma að telja.

Ár	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	(1.9.2021)
Fjöldi	15	20	25	30	34	41	22	31

5. Hve margir eru á biðlista núna eftir félagslegu húsnæði og hve margir af þeim teljast í forgangshópi? 122 umsóknir eru skráðar á biðlista.


Biðlisti eftir íbúðarstærð:

Stærð íbúðar	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Fjöldi á biðlista	84	21	15	2

Biðlisti eftir stigafjölda á mati umsóknar:

Stigafjöldi	10	9	8	7	6	5	4
Fjöldi umsókna	6	15	28	35	25	5	7

6. Hvernig hefur þróun á lengd biðlista verið frá 2014?



7. Eru vanskil í félagslega kerfinu og ef svo er hvert er hlutfall þeirra.

	Fjöldi leigjenda að meðaltali	Fjöldi vanskila að meðaltali	Lengd vanskila að meðaltali	Fjárhæð vanskila að meðaltali	Hlutfall vanskila
2014	244	9,4	31,6	2.074.531	1,0%
2015	245	11,5	26,7	2.162.697	1,0%
2016	246	12,8	26,2	3.654.560	1,5%
2017	248	17,8	38,4	3.731.552	1,5%
2018	250	15,3	29,5	2.535.398	1,0%
2019	251	16,9	57,9	5.276.059	1,9%
2020	252	26,3	83,3	11.789.520	3,6%
2021	254	28,0	49,7	8.885.111	4,1%

*Vanskil miðuð við að krafa sé ógreidd 60 dögum eftir eindaga.
Fjárhæðir hafa verið leiðréttar til verðlags 2021*

8. Hve margir útburðir hafa verið í kerfinu frá 2014 að telja. Óskað er eftir að skipta fjöldanum niður á hvert ár frá þessum tíma að telja.

Skv. fasteignafélaginu hafa sjö útburðir verið á síðastliðnum fjórum árum.

Árið	2021	2020	2018	2017
Fjöldi	2	2	2	1

9. Hve margar félagslegar íbúðir á Húsnæðisskrifstofan og hve margar íbúðir hafa verið keyptar á þessu kjörtímabili? *Tíu íbúðir.*

Hve margar íbúðir hafa verið seldar á þessu kjörtímabili? *Ein íbúð*

Heildarfjöldi félagslegra íbúða:

Hafnarfjarðarbær	Framlínan	Íbúðalánasjóður	Skarðshlið Íbúðarfélag	Samtals
266	3	4	2	275

Fjöldi íbúða sem voru keyptar frá árinu 2018:

Árið	Heildarfjöldi	2. herb.	3. herb.	4. herb.
2018	14	8	4	2
2019	7	6	0	1
2020	3	2	1	0
2021	3	2	1	0

Biðlistinn eftir félagslegu leiguhúsnæði er langur og margir eru í mikilli þörf. Á þessu ári hafa 34 íbúðir verið í viðhaldsferli hjá húsnæðisskrifstofu af ýmsum ástæðum. Fjölskyldu- og barnamálasviði hefur því gefist kostur á að koma til móts við tíu flutningsbeiðnir frá leigjendum, sem voru af heilsufarsástæðum og/eða breyttri fjölskyldustærð, á biðlista eftir hentugra húsnæði. Því miður hefur enn ekki tekist að koma til móts við allar flutningsbeiðnirnar og hefur það óneitanlega haft áhrif á andlega líðan leigjenda og ættingja þeirra.

Hafnarfjörður, 22. september 2021

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri

